



Kynjakettir, Kattaræktarfélag Íslands

Almennur stjórnarfundur með sýningarritara

FUNDARGERÐ

Dags.	18. ágúst 2016
Fundartími:	kl. 20:25
Fundarstaður:	Austurhóp 4, Grindavík
Fundarstjóri:	Jóna Dögg Sveinbjörnsdóttir
Fundarritari:	Jóna Dögg Sveinbjörnsdóttir
Fjöldi mætra:	Jóna Dögg Sveinbjörnsdóttir, Guðný Ólafsdóttir, Guðbjörg Hermannsdóttir, Helga Karlsdóttir, Íris Ebba Ajayj og Vigdís Andersen og Sigríður Rósa Snorradóttir sýningarritarar.

1. Tillaga frá Marteini og Aliosha

Tillagan rædd, kostir og gallar. Tillagan er einróma samþykkt af stjórn og verður prufukeyrð á haustsýningum Kynjakatta 2016.

2. Skipting á verkum stjórnar fyrir sýningu

Ákveðið var að setja upp lista í Google Docs til að gera aðgengilegt fyrir hvern og einn stjórnarmeðlim svo skýrt sé hvað hver og einn sjái um. Farið verður betur yfir listana á næsta fundi.

3. Haustsýningar

Húsnæðismálin rædd, búið að tala við flestar fasteignasölur en ekkert hefur boðist enn. Reiðhöllin í Grindavík stendur frítt til boða vegna tengsla formanns við eiganda. Ætlum að halda áfram að athuga með húsnæði í Reykjavík en ef ekkert kemur upp fljótlega þarf að bóka reiðhöllina. Athuga mætti með æskulýðsnefnd í Grindavík hvort hægt sé að fá þau fyrir einhvern pening til að setja upp teppin fyrir sýningu. Bóka þarf fyrir dómara fljótlega veitinghús og Bláa Lónið.

4. Félagsfundur

Ákveðið var að halda félagsfund, miðvikudagskvöldið 7. september 2016 kl. 20:00. Sýningarstjóri kannar með skólastofu í HR annars verður talað við Café Meskí.



Kynjakettir, Kattaræktarfélag Íslands

Almennur stjórnarfundur með sýningarritara

FUNDARGERÐ

5. Önnur mál

Skipa þarf nýtt ræktunarráð. Sömu meðlimir hafa verið síðan 2009.

Sunna Ingvarsdóttir varaformaður kemur inn í stað Guðbjargar Guðmundsdóttur fyrirverandi varaformanns. Vigdís Andersen sýningarritari mun kanna með að fá dýralækni inn í ráðið.

Aganefnd - þarf að skipa nýja á næsta aðalfundi eða boða á lagabreytingarfund.

Ritari þarf að skipta út heimilisfangi á ræktunarumsókn.

Ritari býr til auglýsingu fyrir félagsfund og dreifir á samfélagsmiðlum.

Fundi slitið kl. 21:40